



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 1. apríl 2025

MSS24120060

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um kennara og vinnuaðstöðu í Laugarnesskóla

Á fundi borgarráðs, 12. desember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort Reykjavíkurborg hyggist styðja eitthvað við kennara í Laugarnesskóla í þessum sviptingum sem framundan eru. Benda má á að samkvæmt tímalínu sem kynnt er þá er áætlað að fyrstu húsin komi ekki fyrir en eftir að næsta skólaár er hafið. Margir kennarar eru búnir að pína sig til að starfa áfram, þeim er alltaf sagt að það sé bara eitt skólaár í viðbót. Þá var áfall fyrir marga að heyra að þetta verði ekki klárt fyrir byrjun næsta skólaárs. Einnig er óskað upplýsinga um hvaða mótvægisáðgerða borgin ætlar að grípa til vegna fyrirsjáanlegrar skerðingar á vinnuaðstöðu starfsfólks Laugarnesskóla og í framhaldinu uppbroti á skólagerðinni.

Svar:

Skólaþorpið í Laugardal, þar sem miðað er við að grunnskóla- og frístundastarf Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla fari fram tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur, mun rísa í áföngum og munu fyrstu fimm stofurnar koma á staðinn í sumar og næstu fimm í haust. Stóra húsið og afgangurinn af stofunum í áfanga tvö munu svo koma í kjölfarið en ekki var hægt að setja þær niður á sama tíma vegna breytinga sem þarf að gera á aðalskipulagi og deiliskipulagi og er sú vinna í fullum gangi. Við teljum að skólaþorpið muni uppfylla öll þau skilyrði sem þarf fyrir skólustarf. Mál sem upp geta komið varðandi stuðning við starfsfólk verða leyst jafnóðum.



Reykjavík